



## STJÓRN SSH 440. fundur

Mánudaginn 6. mars 2017, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Lindal Haraldsson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson og Guðný Ívarsdóttir.  
Fjarverandi: Gunnar Einarsson  
Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Stjórnarformaður SSH, Ármann Kr. Ólafsson setti fund og stýrði.

Þetta gerðist:

### 1. Staða og framtíð íslenskra sveitarfélaga /málsnr. 1602001

Á fundinn mættu Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, formaður verkefnisstjórnar verkefnisins, Stefanía Traustadóttir, starfsmaður verkefnisstjórnarinnar og Sjöfn Vilhelmsdóttir, forstöðumaður stjórnáslufraða og stjórn mála í HÍ.

Farið var yfir tilurð og tilgang verkefnisins og stöðu þess.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn telur ástæðu til að skoða möguleika á að boða til sérstaks fundar með verkefnisstjórninni og fulltrúaráði SSH að afloknum Landsfundi Sambands íslenskra sveitarfélaga til kynningar á verkefninu.

### 2. Kjarasamningar grunnskólakennara /málsnr. 1504009

Á fundinn mættu Inga Rún Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson frá SNS og Atli Atlason frá kjarasviði Reykjavíkurborgar. Rætt var um gang viðræðna við samninganefnd grunnskólakennara vegna útfærslu á kjarasamningi.

Umræður

Niðurstaða:

Málið er í ferli og vinnslu hjá samninganefndunum.

### 3. BORGARLÍNAN – stöðu- og verkefnayfirferð /málsnr. 1610002

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri sat fundinn undir þessum dagskrárlíð.

Fyrir fundinum lá minnisblað frá framvæmdastjóra, svæðisskipulagsstjóra og verkefnisstjóra Borgarlínunnar dags. 6. mars 2017.



HÁP fór yfir minnisblaðið og helstu þætti yfirstandandi vinnu vegna undirbúnings Borgarlínunnar og tímaáætlun vegna þessa. Stefnt er að því að auglýsa formlega verkefnislýsingar vegna breytinga á svæðisskipulagi og aðalskipulagi sveitarfélaganna 11. mars. Unnið er að nákvæmari skilgreiningu valkosta og nauðsynlegum forsendum. Kostnaðargreining og mat á stofnkostnaði innviða er í vinnslu og viðræður í gangi við innanríkisráðuneyti v. lagalegrar umgjörðar um verkefnið. Reglulegir fundir með fagráði svæðisskipulags og samráðshóps vegna Borgarlínu. Gengið hefur verið frá samningi við COWI um nauðsynlega ráðgjöf og fyrir liggur að Borgarlínan verður eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins með 8 m. króna framlagi

Umræður

**Niðurstaða:**

Stjórn leggur áherslu á að málið verði unnið áfram með tilliti til fyrirbyggjandi markmiða um tímasetningu nauðsynlegra skipulagsbreytinga og annarra verkþátta sbr. samkomulag sveitarfélaganna frá 2. desember 2016.

**4. Ársreikningur SSH 2016**

Fyrir fundinum lá ársreikningur SSH fyrir árið 2016 ásamt greinargerð og áritun endurskoðanda og kjörinna skoðunarmanna.

Afgreiðslu stjórnar á ársreikningnum frestað til næsta fundar.

**5. Húsnæðismarkaður og lóðamál**

Málinu frestað til næsta stjórnarfundar.

**6. Endurvinnslustöðvar SORPU bs. /málsnr. 1606003**

Fyrir fundinum lá tillaga um skipun starfshóps um endurskoðun á núverandi fyrirkomulagi á rekstri endurvinnslustöðva sbr. fundargerð 439. stjórnarfundar frá 13. febrúar sl.

Afgreiðslu máls frestað til næsta stjórnarfundar.

Ákveðið að boða til aukafundar stjórnar mánudaginn 13. mars nk. til umfjöllunar og afgreiðslu á 4. – 6. máli hér að ofan

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:55